

31
20. júní

L Ö G

um

læknisskoðun aðkomuskipa.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Nú vill aðkomuskip hleypa mönnum eða farangri á land í höfn, og skal þá fram fara læknisrannsókn um heilbrigði á skipinu, áður en það hafi samgöngur við land. Áður en heilbrigðisrannsókn þessi hefir farið fram, má enginn maður fara úr skipinu, ekki heldur hafnsögumaður, og enginn út í skipið úr landi eða frá öðrum skipum, að undanteknum lækni og aðstoðarmanni hans. Engan farangur má setja fyr í land en læknisrannsókn hefir fram farið.

Heilbrigðisstjórninni er heimilt að veita með reglugjörð undanþágu frá framangreindum ákvæðum fyrir aðkomuskip, sem koma kunna á hafnir, þar er læknir á ekki heima, og fyrir aðkomuskip, þar er embættislæknir á að vísu heima, en er fjarstaddur, þegar skipið hafnar sig. Í reglugjörð þessa skal setja ákvæði, er tryggji það svo sem verða má, að sóttir berist ekki í land, þótt læknisrannsókn sje slept.

2. gr.

Fyrir skoðunargjörð samkvæmt lögum þessum og lögum nr. 34, 6. nív. 1902, um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands, ber læknir 8 kr. borgun af skipum, sem eigi ná 60 smálestum, 12 kr. af skipum, sem eru frá 60 upp að 100 smálestum, og 20 kr. af skipum, sem eru yfir 100 smálestir. Auk þess á læknir heimting á ókeypis flutningi og dagpeningum. Heldur læknir dagpeningum, ef þörf gerist, að hann sje sóttkvíaður vegna rannsóknarinnar, þangað til sóttkvíun er lokið.

3. gr.

Ákvæði eldri laga, sem koma í bága við lög þessi, eru úr gildi fallin.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaluborg, 20. júní 1923.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sig. Eggerz.